

Kjósum VG 14. maí

# Göngum lengra á Akureyri



# Kosningaáherslur

## Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs á Akureyri

Íbúar Akureyrarbæjar geta litið **björtum augum til framtíðar**. Vinstrihreyfingin grænt framboð er hreyfing vinstrisinnaðra jafnréttis- og umhverfisverndarsinna sem vilja  **tryggja jöfnuð í samfélaginu og vernd náttúru Íslands**.

Allar ákvarðanir sem við tökum munu taka mið af:

- Vandaðri stjórnslu
- Lýðheilsu
- Umhverfis- og loftslagsáhrifum
- Jafnrétti
- Jöfnuði íbúa óháð efnahag.




### Umhverfis- og loftslagsmál

Akureyrarbær hefur allar forsendur **til að vera í fararbroddi og fyrirmynd** þegar kemur að umhverfis- og loftslagsmálum:

- **Aukum vægi umhverfis- og loftslagsmála** innan umhverfis- og mannvirkjaráðs/sviðs.
- Tryggjum fjármagn til að **ljúka gerð og framfylgja umhverfis- og loftslagsstefnu**.
- Náum kolefnishlutleysi árið **2040**.
- **Svifryk á ekki að fara yfir heilsuverndarmörk**. Drögum úr svifryki með því að styðja við virka ferðamáta, með betri gatnahreinsun, þróun í hálkuvörnum og minni notkun nagladekkja.
- Bætum aðgengi og aðbúnað **á grænum svæðum** og gönguleiðum.
- **Fjögum matjurtagörðum sem íbúar geta leigt**, aukum fræðslu og hvetja til heimaræktunar.

- Akureyrarbær móti sér **landnýtingarstefnu**, sem við allar framkvæmdir miði að því að fyrirbyggja mengun, lágmarka rask náttúru og lífvera og endurnýtingu jarðvegs. Einnig að verndun og endurheimt votlendis, skóga og annarra vistkerfa. Skógrækt og landgræðsla verði skipulögð með líffræðilega fjölbreytni og kolefnisbindingu í huga.
- **Drögum úr matarsóun** á sveitarstjórnarstiginu.



## Barnafjölskyldur

**Ekkert barn á að alast upp við fátækt.** Hvert samfélag sem hlúir vel að börnum og fjölskyldum þeirra er gott samfélag. **Öllum börnum skulu tryggð þau réttindi sem barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um.** Öll börn eiga sömu réttindi óháð uppruna eða bakgrunni.

- **Akureyri er barnvænt samfélag**, því þarf að fylgja eftir með framkvæmdum og eftirfylgni.
- **Brúum bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla** og aukum þannig lífsgæði ungra barnafjölskyldna. Akureyrarbær sýni jafnrétti í verki og hlúi að hópum í viðkvæmri stöðu.
- **Hækkum frístundastyrki barna.** Komum til móts við barnmörg heimili, með stigvaxandi hækkun frístundastyrkja eftir fjölda barna.
- **Eflum fjölbreytt frístundastarf** í skólum og sporum þannig við brottfalli barna eftir átta ára aldur.

- **Þróum frístundastrætó** og gerum hann aðgengilegan öllum börnum í fjölbreyttu tómstundastarfi.


### Jafnréttismál

Sveitarstjórnnum **ber að tryggja jafnrétti kynja og allra íbúa.**

Sveitarfélögum ber að sporna gegn kynbundnu ofbeldi, klámvæðingu, mansali og vændi og vinna gegn skaðlegum áhrifum staðalmynda.

- **Upprætum margþætta mismunum** og kynbundinn launamun.
- **Stuðlum að auknum jöfnuði kynja** þegar kemur að náms- og starfsvali.
- **Jöfnum aðgengi að fjármagni og ákvarðanatöku**, t.d. með kynjaðri fjárhagsáætlanagerð og þátttökulýðræði.
- **Tryggjum jafnréttis- og hinseginfræðslu, fræðslu um hinn stafræna heim auk forvarnarfræðslu** um kynbundið ofbeldi í öllu skóla- og uppeldisstarfi ásamt því að veita slíka fræðslu starfsfólki og íbúum sveitarfélagsins.

- Ráðinn verði **jafnréttisfulltrúi** hjá sveitarfélaginu.
- Tryggjum innleiðingu jafnlaunavottunar og eftirfylgni jafnréttisáætlunar sveitarfélagsins



### Menntamál

**Skólar eru hornsteinn menningar og jöfnuðar í samfélaginu.** Við viljum eiga samstarf og samtal við þann mikilvæga mannauð sem starfar í leik- og grunnskólum um leiðir til að gera gott skólustarf enn betra.

- Gerum leik- og grunnskólamenntun, frístundastarf og skólamáltíðir **endurgjaldslausar** í áföngum.

- **Aukum stuðningsþjónustu við börn í leik- og grunnskóla,** ekki síst við börn með annað móðurmál en íslensku og börn með sérþarfir.
- Metum innleiðingu hugmyndafræðinnar um **skóla án aðgreiningar.**
- **Styrkjum forvarnir með aukinni jafnréttis- og kynjafræðslu** í skólum og fræðslu um hið stafræna samfélags.
- **Bætum starfsumhverfi kennara,** eflum samstarf ríkis og sveitarfélaga um fjölgun kennaranema og stuðlum þannig að hærra hlutfalli fagmenntaðra kennara á öllum skólastigum.
- **Aukum svigrúm kennara til** þróunar í fræðslustarfi.



## Lýðheilsa og forvarnir


### Góð heilsa er það dýrmætasta sem hver manneskja á

og sveitarfélög hafa bæði samfélagslegan og fjárhagslegan ávinning af því að styðja og hvetja íbúa til heilbrigðra lífshátta.

Fræðsla og góðar fyrirmyndir eru öflugustu forvarnirnar.

- **Geðheilsumál eru lýðheilsumál,** leggjum áherslu á geðheilsurækt.
- Ljúkum við gerð nýrrar **lýðheilsustefnu Akureyrarbæjar.**
- **Stöndum vörð um starfsemi frjálsra félagasamtaka** sem sinna þjónustu og stuðningi af fagmennsku. Styðjum við starfsemi þeirra á fjölbreyttan hátt og þökkum það ómælda sjálfboðastarf sem unnið er af hugsjónafólki.
- **Fjölgu hlutastörfum** hjá sveitarfélaginu til að koma til móts við fólk með skerta starfsgetu og auðvelda innkomu þess á vinnumarkað.
- Bjóðum starfsfólki Akureyrarbæjar að gera **samgöngusamninga.**

- Höldum okkur við fyrirætlanir um **aðgerðaáætlun í málefnum eldri borgara** og tryggjum fjármagn.
- Könnum möguleika á frístundastrætó í **tengslum við tómstundir eldri borgara**.
- Fjölgum tækifærum til **ástundunar íþróttu og útivistar án keppnisáherslu**.



## Velferð

**Réttlítt samfélag krefst velferðarkerfis** sem virðir mannréttindi íbúa og mætir þeim á þeirra forsendum með valdeflingu og virðingu að leiðarljósi. Aðgengi allra til þátttöku í samfélaginu skal vera tryggt.

- **Hjálpum fólki til sjálfshjálpar og valdeflingar** og hlúum sérstaklega að jaðarsettum einstaklingum.
- **Horfum heildstætt á alla félags- og velferðarþjónustu** og tryggjum samþættingu ólíkra kerfa.
- Eflum samstarf Akureyrarbæjar og ríkis um heimahjúkrun og heimaþjónustu og **gerum þjónustuna notendastýrða og sveigjanlega**.
- **Fjölgum félagslegum búsetukostum** og gerum langtímaáætlun sem endurskoðuð er reglulega í takt við þróun leiguverðs á almennum markaði.
- **Komum á fót gistiskýli fyrir heimilislausa**, helst í samstarfi við frjáls félagasamtök.
- Tryggjum fólki með fötlun viðeigandi þjónustu, þ.m.t. búsetuúrræði, atvinnutækifæri, námstækifæri og einstaklingsmiðaða aðstoð **á borð við notendastýrða persónulega þjónustu (NPA)**.
- **Tökum vel á móti hælisleitendum** og tryggjum þjónustu við þá.



- **Innleiðum sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks** og virðum einkunnarorð samningsins „**Ekkert um okkur, án okkar**“.

### **Menning og listir**

Öflugt lista- og menningarlíf er lykilatriði og aðdráttarafi í blómlegu samfélagi sem við eigum að hlúa sérstaklega að. Leggjum áherslu á safnastarf, listsköpun og varðveislu menningarminja. Sköpun er góð leið til tengslamyndunar og eflingar geðheilsu.:

- Öll eiga að eiga möguleika á að þátttöku í menningarstarfi, óháð stétt og stöðu. Tryggjum aðgengi allra að menningarstarfi og leitumst við að ná til þeirra sem sjaldan taka þátt í slíku starfi, t.d. vegna uppruna, búsetu, fötlunar, efnahags eða annarra ástæðna.
- Aukum kennslu verk- og listgreina og leggjum áherslu á sköpun í skólastarfi.
- Eflum fjölbreyttar tólmstundir tengdar listum og menningu fyrir alla aldurshópa.
- Leggjum áherslu á skapandi störf í vinnuskóla og öðrum sumarstörfum á vegum bæjarins.
- Styðjum við uppbyggingu listnáms á háskólastigi.
- Endurnýjum menningarstefnu Akureyrarbæjar og finnum menningarmálum stað innan stjórnkerfisins.
- Aukum stuðning við grasrótina.

### **Stjórnsýsla og lýðræði**

Gagnsæi, jafnræði og samráð eru lykilatriði í faglegrri stjórnsýslu. Stjórnsýsla á fyrst og fremst að þjóna almenningi. Stöðugt þarf að hugsa um hvernig hægt sé að gera betur.

- Greinum hagsmuni ólíkra hópa við undirbúning ákvarðana og gefum fólki fjölbreyttar leiðir til að koma skoðunum sínum og þörfum á framfæri.

- Eflum þjónustugátt þannig að íbúar geti fylgst með ferli fyrirspurna og erinda í stjórnkerfi Akureyrarbæjar.
- Gerum aðgengileg öll gögn og upplýsingar sem liggja til grundvallar ákvörðunum nema lög krefjist leyndar.
- Ljúkum innleiðingu rafrænnar stjórnarsýslu hjá Akureyrarbæ.
- Komum á starfi umboðsmanns íbúa.
- Höldum áfram að vinna að íbúalýðræði.
- Hlustum á og leitum til mannauðs Akureyrarbæjar, metum og virkjum reynslu starfsfólks, sjálfboðaliða og annarra.

### **Skipulag og samgöngur**

Skipulag þarf að vera á forsendum alhliða heilsueflingar, bæði líkamlegrar og andlegrar, auk þess að hámarka loftgæði. Samgöngukerfi bæjarins skal vera þróað og þjónustað til að styðja bíllausan lífsstíl og hvetja til hreyfingar.

- Byggjum upp öruggt og heilsusamlegt umhverfi með lágmörkun ferðaparfarar og áherslu á fjölbreytta ferðamáta og almenningssamgöngur.
- Við gerð nýs skipulags og breytingar á eldra skipulagi skal horfa til sögulegs samhengis umhverfis og sérstöðu hverfa.
- Skipulag skal taka mið af þörfum íbúa og félagslegum fjölbreytileika.
- Eflum og bætum almenningssamgöngur innanbæjar og til bæjarins.
- Fjárfestum í innleiðingu á nýju leiðaneti strætó.
- Eflum börn sem sjálfstæða notendur strætó með Strætóskóla Vistorku.
- Komum á almenningssamgöngum við eyjabyggðir Akureyrarbæjar.
- Fylgjum eftir skipulagsstefnu um þéttingu byggðar.
- Látum deilihagkerfið þjóna fólki en ekki fjármagni.
- Tökum upp stígaskipulag Akureyrarbæjar, út frá sjálfstæðri hönnun hvers þáttar fyrir sig.



## Atvinna


Akureyrarbær er einn stærsti vinnustaður í sveitarfélaginu. Sem slíkum ber honum að vera í fararbroddi er kemur að velferð og vellíðan starfsfólks. Umfram það að standa vel að eigin rekstri á bærinn að stuðla að frumkvöðladrifinni, fjölbreyttri, sjálfbærri og umhverfisvænni atvinnustarfsemi með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Fjölbreytt atvinnulíf gerir Akureyri að áhugaverðum búsetukosti.

- Sköpum jákvæða hvata fyrir nýsköpun og verum vakandi fyrir vannýttum tækifærum og samlegð við stofnanir og fyrirtæki sem fyrir eru.
- Könnum fjölbreytta og umhverfisvæna orkuöflun á svæðinu til að knýja atvinnulíf bæjarins til framtíðar.
- tryggjum nægjanlegt framboð af lóðum undir atvinnustarfsemi.
- Akureyrarbær auglýsi öll störf sem hægt er óháð starfsstöðvum (Akureyri, Grimsey, Hrísey)

## Fjárfesting og uppbygging

Mikilvægt er að setja þak á fjárfestingar sveitarfélagsins og áfangaskipta framkvæmdum ef þarf. Allri uppbyggingu og fjárfestingum þarf að stýra af fyrirhyggju og vandaðri áætlanagerð. Áhersla skal lögð á ítarlega kostnaðargreiningu áður en til framkvæmda kemur og lokaúttekt framkvæmda skal gerð opinber.

- Leggjum áherslu á viðhald eigna og niðurgreiðslu skulda.
- Tryggjum byggingu bílastæðahúsa í miðbænum.
- Byggjum upp í takti við gildandi miðbæjarskipulag.
- Byggjum upp í takti við samþykktu forgangsröðun í uppbyggingu íþróttamannvirkja og höldum áfram á þeirri vegferð.



# Vinstri Græn á Akureyri

Íbúar Akureyrarbæjar geta litið björtum augum til framtíðar. Vinstri-hreyfingin grænt framboð er hreyfing vinstrisinnaðra jafnréttis- og umhverfisverndarsinna sem vilja tryggja jöfnuð í samfélaginu og vernd náttúru Íslands. Allar ákvarðanir sem við tökum munu taka mið af: vandaðri stjórnýslu, lýðheilsu, umhverfis- og loftslags-áhrifum, jafnrétti og jöfnuði íbúa óháð efnahag.

- Tryggjum fjármagn í aðgerðir **Umhverfis- og loftslagsstefnu Akureyrarbæjar**
- Innleiðum **nýtt leiðakerfi Strætó**
- Eflum **gagnsæi í stjórnýslunni** og íbúasamráð
- Vinnum að **gjaldfrelsi í leik- og grunnskólum**
- **Hækkum frístundastyrki** til barna og festum frístundastrætó í sessi
- Tryggjum fjármagn til að framfylgja **aðgerðaráætlun í málefnum eldri borgara**
- Tryggjum fólki með fötlun videigandi þjónustu og virðum einkunnarorð sáttmála Sameinuðu þjóðanna um **réttindi fatlaðs fólks**, „Ekkert um okkur, án okkar“
- Gefum öllum möguleika á þátttöku í **menningarstarfi**, óháð stétt og stöðu
- Í allri skipulagsvinnu skal horfa til **sögulegs samhengis umhverfis og sérstöðu hverfa**
- **Auglýsum öll störf** sem hægt er óháð starfsstöðvum á Akureyri, í Hrísey og Grímsey

Á [x22.vg.is](http://x22.vg.is) er hægt að skoða allar kosningaáherslur hreyfingarinnar.

Hægt er að hafa samband í gegnum skilaboð á Facebooksíðunni okkar, með tölvupósti á [akureyri@vg.is](mailto:akureyri@vg.is) eða hringja í oddvita framboðsins, Jönu Salóme, í síma **8662936**.

## Opnunartími kosningamiðstöðvar:

Virkir dagar, 16:00–18:00

Helgar, 13:00–15:00

Opíð á kjördag, 14. maí, 12:00–17:00



**XV**  
14. maí